

Ed.

635. Breytingartillögur

[161. mál]

við frv. til laga um dýralækna.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

1. Við 14. gr. Í stað orðanna „10 ár“ í 4. málsg. komi: 5 ár.
2. Á eftir 14. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú er héraðsdýralæknis vitjað í brýnni nauðsyn um langan veg frá heimili hans (yfir 40 km), og greiðir þá sá, sem vitjunar beiðist, ferðakostnað allt að 40 km vegalengd frá heimili dýralæknis, en það, sem fram yfir er, greiðist af opinberu fé samkvæmt reglum, er ráðherra setur.